

Afgreiðslufundur

Ár 2024 fimmtudaginn 3. október, kl. 9:00 var haldinn 1797. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Jón Ragnar Gunnarsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

- Lögð fram umsókn Cocoloco ehf., kt. 440624-0570, dags. 27. september 2024, um starfsleyfi fyrir innflutningi á forpökkuðum matvælum (Cocoloco). Lager er hjá vöruhúsi með starfsleyfi samkvæmt samningi þar um. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Fisks og féлага ehf., kt. 420924-1940, dags. 17. september 2024, um starfsleyfi fyrir fiskbúð (Fiskbúðin Sundlaugavegi) að Sundlaugavegi 12, F2018855, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi til 3. apríl 2025 vegna þess að gera þarf úrbætur á yfirborði gólfs og veggja.
- Lögð fram umsókn BK ehf., kt. 501103-2090, dags. 15. apríl 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; skyndibitastað/veitingastofu (BK Kjúklingur) að Grensásvegi 5, F2023303, rými 02 0101. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 25. júní 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 25. júní 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Reykjavík Fries ehf., kt. 460220-2540, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II; tegund veitingastofa og greiðasala, ásamt útveitingum til kl. 23:00 alla daga (Reykjavík Chips) að Vitastíg 10, F2005162, rými 01 0101.
Samþykkt að veita jákvæða umsögn um rekstrarleyfi sbr. umsagnarbeiðni en neikvæða umsögn um útveitingar til kl. 23 en jákvæða umsögn um útveitingar til kl. 22. Fyrir liggur samningur um afnot af borgarlandi og teikningar af útisvæði. Vegna grenndaráhrifa er notkun hátalara á útisvæði bönnuð. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og Reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti*. Starfsleyfi í gildi til 24. febrúar 2027.
- Lögð fram umsókn B.M. Vallár ehf., kt. 450510-0680, dags. 30. september 2024, um skráningu á niðurrifi á húsnæði við Bíldshöfða 7, F2042927, mhl. 02 og mhl. 05, sbr. samþykktu byggingarleyfisumsókn nr. USK24060019. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.

6. Lögð fram umsókn Félagsbústaða hf., kt. 510497-2799, dags. 30. september 2024, um skráningu á niðurrifi á asbesti í vegg vegna endurnýjunar á vatnslögnum í húsnæði við Norðurbrún 1, F2305936, rými 01 0129 og F2305965, rými 01 0229. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.
7. Lögð fram umsókn Olís ehf., kt. 500269-3249, dags. 21. ágúst 2024, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir bensínstöð (ÓB Klöpp) að Skúlagötu 9, F2003069, rými 01 0101 og 02 0101. Endurnýjun starfsleyfis.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir bensínstöðvar*.
8. Lögð fram umsókn OK Market ehf., kt. 571022-2060, dags. 23. september 2024, um leyfi til tóbakssölu (OK Market) að Laugavegi 40. Nýtt leyfi.
Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *Laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum*.

Fundi slitið kl. 9:21

Tómas Guðberg Gíslason

Jón Ragnar Gunnarsson

Guðjón Ingi Eggertsson